

Ed.

64. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Ólafsfjarðarkaupstað jörðina Hringverskot í Ólafsfirði.

Flm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Ólafsfjarðarkaupstað kirkjujörðina Hringverskot í Ólafsfirði. Námaréttindi skulu þó undanskilin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ástæður eru teknar fram í bréfi bæjarstjórans í Ólafsfirði, dags. 22. okt. 1946, er hér með fylgir.

Fylgiskjal.

BÆJARSTJÓRINN, ÓLAFSFIRÐI

Ólafsfirði, 22. október 1946.

Hr. alþingismenn.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur samþykkt að kaupa jörðina Hringverskot í Ólafsfirði, ef hún fengist fyrir sanngjarnt verð, en jörð þessi er eign kirkjunnar.

Leyfi ég mér að fara fram á það við yður, að þér hlutizt til um, að Alþingi það, er nú situr, heimili stjórn kirkjujarða að selja Ólafsfjarðarkaupstað áður nefnda jörð.

Jörð þessi er metin til fasteignar á 1700.00 kr. (landverð), hús eru engin. Jörðin er um 7 km frá kauptúninu, ógirt og ónotuð. Heyfengur var talinn vera 130 hestar taða og annað eins úthey, á meðan jörðin var nytjuð, en tún er nú komið í órækt.

Þar sem jörð þessi er svo skammt frá kauptúninu, en þar eru hin mestu vandræði með haglendi fyrir þann bústofn, sem til er, gæti það orðið mikil úrbót, ef jörð þessi fengist keypt.

Á jörðinni stendur skólahús sveitarinnar.

Virðingarfyllt.

Bæjarstjórnin, Ólafsfirði.

Ásgrímur Hartmannsson.

Til alþingsmannanna

Bernharðs Stefánssonar og Garðars Þorsteinssonar.